

Erindisbréf hafnarmálaráðs Seyðisfjarðar

1. Stjórnskipuleg staða

Hafnarmálaráð heyrir undir bæjarstjórn. Hafnarstjóri starfar með ráðinu. Ráðið starfar á hafnarmálasviði og hefur umsjón og eftirlit með starfsemi hafnarsjóðs.

2. Skipan ráðsins

Í hafnarmálaráði eiga sæti þrír fulltrúar sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, hafnarlaga og samþykktar um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar. Á sama hátt eru kjörnir þrír fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa bæjarstjórnar situr hafnarstjóri fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann, en ráðið kýs sér ritara á fyrsta fundi sínum.

3. Hlutverk og verkefni

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um hafnarmál,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í hafnarmálum sveitarfélagsins,
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga,
- að starfa með hafnarstjóra að þeim málum sem undir ráðið heyrir,
- að gera tillögur um úrbætur í þeirri starfsemi sem undir ráðið heyrir,
- að fara með markaðs- og kynningarmál hafnarinnar.

Hafnarmálaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna þeirra stofnana sem heyra undir verksvið ráðsins og í hafnarmálum almennt. Ráðið skal hafa faglega umsjón með rekstri þeirra stofnana og deilda sem undir það heyrir og hafa eftirlit með því að stofnanirnar starfi innan ramma laga og samþykkrar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

4. Starfshættir

Um starfshætti ráðsins skal fylgja samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar þar sem það á við.

Hafnarmálaráð kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, að öllu jöfnu einu sinni í mánuði. Skal ráðið gera samþykkt um þennan fundartíma á sínum fyrsta fundi að höfðu samráði við hafnarstjóra. Hafnarmálaráð heldur aukafundi eftir þörfum.

Ráðið skal halda gerðabók sbr. 38. gr. samþykktar um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitji hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu ráðsins. Í lok fundar skal ritari lesa

fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Fundargerðum kemur formaður ráðsins til skrifstofustjóra sem hefur umsjón með ritvinnslu hennar og leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Formaður og/eða hafnarstjóri sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar í samræmi við samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

5. Eftirfylgni

Formaður og aðrir fulltrúar skulu snúa sér til hafnarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktaráðsins. Formaður og aðrir fulltrúar skulu virða valdmörk og verkaskiptingu í stjórnkerfi kaupstaðarins.

6. Starfsmannamál

Við störf sín skal ráðið taka mið af starfsmannastefnu, jafnréttisstefnu og reglum um mannaáráðningar hjá Seyðisfjarðarkaupstað, eftir því sem við á.

7. Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal ráðið taka mið af sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og þeim lögum og reglugerðum, sem undir starfssvið hennar heyrir, sérstaklega þó lög sem um hafnarmál gilda hverju sinni og reglugerð um Seyðisfjarðarhöfn. Þá skal ráðið fylgja samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar.

8. Málsmeðferðarreglur

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðanir skal þess gætt að farið sé að sveitarstjórnarlögum og stjórnarsýslulögum. Óski aðili máls eftir rökstuðningi eða beri fram kvörtun vegna afgreiðslu ráðsins skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska eftir endurupptöku með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

9. Gildistaka.

Samþykkt í bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar þann 13. ágúst 2014 með vísan til 46. gr. samþykktar um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og tekur þegar gildi.